

Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2020

REKSTRARHAGFRÆÐI HAGF3RH05

Kennari	Hlynur Ómar Svavarsson M.Sc – hlynur.svavarsson@fss.is
Viðtalstími	Þriðjudaga kl.12:00 til kl.12:40
Kennsluefni	Rekstrarhagfræði fyrir framhaldskólanemendur, útgefin 2019 eftir Vífil Karlsson. Verkefnahefti frá kennara.
Áfangalýsing	Kennslan er byggð á fyrirlesturum, umræðum og dæmatímum. Lögð er áhersla á útreikning dæma og túlkun niðurstöðu þeirra, gerð grafa og greiningu þeirra. Einnig að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð og færni til að setja fram eigin niðurstöður á læsilegan hátt. Lögð er áhersla á að nemendur fylgist með eigin námsframvindu og beri ábyrgð á henni. Í áfanganum er farið í grunnatriði rekstrarhagfræðinnar og nemendur læra um hugtök eins og teygni, birgðastýringu, framleiðslu, kostnað, mismunandi markaðsform, verðaðgreiningu o.s.frv. Lögð er áhersla á að nemendur læri um mikilvægi skilvirkni í framleiðslu og rekstri fyrirtækja ásamt því að setja niðurstöður sínar skýrt fram.

Vinnuáætlun - Dæm með símati		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Undirbúningur f. tíma	15 vikur *4 tímar x 20 mín	20 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Innuverkefni	15 klst.	15 klst.
Alls:		107 klst. = 5 fein*

*Viðmið um fjölda eininga	
Einingar	Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga
1 fein	18 - 24 klst.
2 fein	36 - 48 klst.
3 fein	54 - 72 klst.
4 fein	72 - 96 klst.
5 fein	90 – 120 klst.

Námsmat og vægi námsmatspáttá	Ekkert lokapróf verður haldið í áfanganum en stuðst verður við símat og verkefnabók. Þrjú kaflapróf verða haldin á önninni og er lágmarks-einkunn 4,5 úr hverju prófi fyrir sig og lágmarkseinkunn er 8.0 fyrir vinnubókina. Endurtektarpróf áfangans verða haldin í byrjun desember. Vægi einstakra námspáttá, þ.e. einkunnarreglan á Innu: Vinnubók 40%, kaflapróf 30% og hópverkefni 30%.
-------------------------------	--

<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hlutverki líkanasmíði í hagfræði • Teygnihugtakinu almennt og helstu tegundum teygni • Framleiðslu og afkastalögmálinu • Kostnaðargreiningu og mismunandi kostnaðarhugtökum • Mismunandi markaðsformum: einokun, fákeppni, einkasölusamkeppni, verðleiðsögn, fullkomin samkeppni 	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að :</p> <ul style="list-style-type: none"> • Greina á hvaða markaði tiltekið fyrirtæki starfar og geti metið þau markaðsöfl, leikreglur og samkeppni sem skýra verðstefnu og hegðun þess á markaði • Túlka og greina, á gagnrýninn hátt, niðurstöður rekstrarhagfræðilegra útreikninga • Meta hvenær fyrirtæki á að beita verðaðgreiningu og hvað býr að baki verðstefnunni • Nota stærðfræði og upplýsingatækni við lausn hagfræðilegra viðfangsefna • Taka þátt í hópavinnu við úrlausn rekstrarhagfræðilegra vandamála á gagnrýninn og jákvæðan hátt
<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • fást við teygniútreikninga og túlkun þeirra • Reikna dæmi tengd framleiðsluútreikningum og birgðahaldi • Reikna 0-punkta, lágmarksverð til skamms- og langs tíma fyrir stöðvun/lokun fyrirtækis • Reikna hagkvæmasta verð og magn miðað við mismunandi markaðsform, markaðsaðstæður og kostnaðarskipan • Reikna og sýna fram á hvernig auka má hagnað fyrirtækis með verðaðgreiningu • Nota diffrun, þegar við á, við lausn hámerkunar- og lágmerkunarvandamála • Nýta bæði Word og Excel við uppsetningu verkefna í Innu. 	<p>Annað sem kennari vill láta koma fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Gættu þess að vinna jafnt og þétt, mæta í allar kennslustundir og dragast ekki aftur úr. Þeir sem eru fjarverandi oftar en 10 sinnum eru sjálfkrafa vikið úr áfanganum. • Virkjaðu námshæfileika þína. Lestu námsbókina frá orði til orðs og spurðu ef þú skilur ekki. Með því móti færðu betri yfirsýn yfir námsefnið, átt auðveldara með að tileinka þér það og námið verður skemmtilegra. • Nýttu þér stoðtímana vel og þá aðstoð sem þar er boðið upp á. Með fyrirvara um frekari breytingar á önninni.

<p>Reglur áfanga</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund nema með leyfi kennara! • Vinna í verkefnabók fer fram í tíma og gildir til einkunnar í fanganum.
-----------------------------	---

Kennsluvikur

Áætluð yfirferð námsefnis

Verkefni / Próf

1. vika 24. - 28. ágúst	Kynning á áfanganum.	Kennsla hefst 20. ágúst
2. vika 31. ágúst - 4. sept.	Kafli 1. Hagfræði og markaðurinn	Tímaverkefni frá kennara.
3. vika 7. - 11. september	Kafli 2. Framleiðsla	Hópverkefni I
4. vika 14. - 18. september	Kafli 3. Eftirspurn	Tímaverkefni frá kennara.
5. vika 21. - 25. september	Kafli 3. Eftirspurn	Heimapróf I
6. vika 28. sept. - 2. október	Kafli 4. Kostnaður	<u>Stöðupróf 1</u> Kaflar 1-3.
7. vika 5. -9. október	Kafli 4. Kostnaður	Hópverkefni II
8. vika 12. - 16. október	Kafli 5. Fullkomin samkeppni	Tímaverkefni frá kennara.
9. vika 21. - 23. október Vetrarleyfi 19. og 20 okt	Kafli 5. Fullkomin samkeppni	Heimapróf II
10. vika 26. - 30. október	Kafli 6. Einkasala	<u>Stöðupróf 2</u> Kaflar 4-6.
11. vika 2. - 6. nóvember	Kafli 6. Einkasala	Hópverkefni III
12. vika 9. - 13. nóvember	Kafli 7. Afkomumælingar	Tímaverkefni frá kennara.
13. vika 16. -20. nóvember	Kafli 7. Afkomumælingar	Heimapróf III
14. vika 23. - 27. nóvember	Kafli 8. Rekstrarumhverfi fyrirtækja	<u>Stöðupróf 3</u> Kaflar 7-8.
15. vika 30. nóv. - 4. desember	Upptökupróf	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf ☺

Hlynur Ó. Svavarsson M.Sc.